

# Ársskýrsla

## Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2019-2020



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2019 – 2020.

Frá vinstri: Ársæll Guðmundsson , Kristján Sverrisson, Árni Bragason, Margrét Hauksdóttir, Halldór Ó. Sigurðsson og Harpa Þórsdóttir. Á myndina vantar Ásdísi Ármannsdóttur.

## Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2019 til og með apríl 2020. Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) og í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

1. Aðalfundur FFR 15. maí 2019
2. Störf stjórnar FFR
  - Auglýsing og ráðning nýs framkvæmdastjóra FFR
  - Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra
  - Fjölmiðlanámskeið
  - Umsókn í starfsmenntunarsjóð embættissmanna
  - Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna og vinna með KMR
  - Launakjör forstöðumanna ríkisstofnana og launahækkunar
3. Fundir og málþing 2019-2020
4. Heimasíða FFR
5. Lokaorð

## 1. Aðalfundur FFR 15. maí 2019

Þann 15. maí 2019 hélt Félags forstöðumanna ríkisstofnana aðalfund sinn á Grand Hótel í Reykjavík og var hann vel sóttur. Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands, kjörin nýr formaður félagsins, en hún hafði tekið við keflinu frá 1. janúar 2019 eftir að Gissur Pétursson, fyrrum formaður FFR og forstjóri Vinnumálastofnunar, var óvænt skipaður ráðuneytisstjóri í nýju Félagsmálaráðuneyti. Í stjórn voru jafnframt kosin til tveggja ára Árni Bragason, landgræðslustjóri, Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum, og Kristján Sverrisson, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands, og til eins árs Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, og Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa, sat áfram í stjórn FFR, sbr. 6. gr. laga félagsins. Á fyrsta stjórnarfundum skiptu meðstjórnendur með sér verkefnum og var samþykkt að Ársæll yrði varaformaður, Halldór gjaldkeri og Kristján ritari.

Í kjörnefnd voru kjörnir Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, og Sveinn Runólfsson, fyrrverandi forstöðumaður.

## 2. Störf stjórnar

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júní, júlí og ágúst 2019. Stjórnin hélt alls 10 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu, en jafnfram sóttu stjórnarmenn ýmsa aðra fundi fyrir hönd FFR. Þær fundargerðir sem ritaðar voru má finna á heimasíðu félagsins. Meðal annars sátu formaður/varaformaður, gjaldkeri og ritari FFR fundi með starfsmönnum í kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR).

Hér á eftir verður helstu verkefnum stjórnar lýst mjög stuttlega.

- Auglýsing og ráðning nýs framkvæmdastjóra FFR
- Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra
- Fjölmiðlanámskeið
- Umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna
- Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna og vinna með KMR
- Launakjör forstöðumanna ríkisstofnana og launahækkningar

**Auglýsing og ráðning nýs framkvæmdastjóra.** Fráfarandi framkvæmdastjóri sagði stöðu sinni lausri í lok árs 2019 og í upphafi árs 2020 var auglýst eftir nýjum framkvæmdastjóra. Yfir 30 umsóknir bárust. Eftir mat á umsækjendum og viðtöl við 5 umsækjendur ákvað stjórn FFR að ráða Dagrúnu Hálfánardóttur lögfræðing í starfið og hóf hún störf 1. maí sl.

**Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra.** Framkvæmdastjóri FFR sendi bréf til allra ráðherra ríkisstjórnarinnar og óskaði eftir upplýsingum um hvenær núverandi ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar hefðu verið skipaðir og hvort að embætti þeirra hefðu verið auglýst að loknum fimm ára skipunartíma. Svör bárust frá öllum ráðuneytum og vakti það athygli að störf ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra hafa að öllu jöfnu ekki verið auglýst að loknum 5 ára skipunartíma, ólíkt því sem forstöðumenn ríkisstofnana geta átt von á.

**Fjölmiðlanámskeið.** FFR ákvað að bjóða félagsmönnum sínum að sækja fjölmiðlanámskeið hjá Andrésí Jónssyni og Þórhalli Gunnarssyni og hafa nú verið haldin tvö námskeið og það þriðja stendur verður vonandi haldið innan skamms, en vegna Covid-19 hefur ekki verið unnt að halda fleiri námskeið. Gerður hefur verið góður rómur að þessum námskeiðum og ef vilji er til þess er ekki útilokað að fleiri námskeið verði haldin næsta haus.

**Umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna.** Stjórn FFR sótti um styrk til starfsmenntunarsjóðs embættismanna til að standa straum af fjölmiðlanámskeiðum sem félagsmönnum stóð til boða að sækja. Því miður hefur umsókn í sjóðinn ekki verið afgreidd, þrátt fyrir fjöldamargar ítrekanir.

**Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna og vinna með KMR.** Síðastliðið haust stofnaði KMR þrjá vinnuhópa í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnendastefnu ríkisins, og sá framkvæmdastjóri FFR um að auglýsa eftir sjálfboðaliðum meðal forstöðumanna. Aðgerðahópar stjórnendastefnunnar hófu störf í október með góðri þátttöku forstöðumanna, mannauðsstjórum stofnanna og fulltrúm ráðuneyta.

Aðgerðahóparnir sem hófu störf fjölluðu um: Ráðningarferli, stjórnendasamtöl og endurgjöf og starfslok. Niðurstöður hópanna voru rýndar í desember og janúar og gafst öllum forstöðumönnum tækifæri á að taka þátt.

Niðurstöður hópanna eru nú til umfjöllunar í fjármála- efnahagsráðuneytinu og er stefnt er að innleiðingu á aðgerðum á næstu mánuðum.

Frestað var vinnu aðgerðahópa sem áttu að fara af stað í febrúar/mars vegna Covid 19. Gert er ráð fyrir að sú vinna fari af stað næsta haust með þátttöku forstöðumanna og mannauðsstjórum stofnana eins og áður.

**Launakjör forstöðumanna ríkisstofnana og launahækkunar.** Stjórn FFR hefur barist fyrir því að laun forstöðumanna taki hækkunum eins og kveðið er á um í 39. gr. a laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og féllst fjármála- og efnahagsráðherra á að laun forstöðumanna skyldu hækka um 6,3% frá og með 1. apríl sl.

### 3. Fundir og málþing 2019-2020

Haldnir voru tveir félagsfundir á starfsárinu. Þann 3. október 2019 bauð FFR til morgunverðarfundar þar sem Ágústa Hrönn Gísladóttir, forstöðumaður réttindasviðs Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna, fór lífeyrisséttindi forstöðumanna í sjóðnum, og Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, flutti erindi um starfslok forstöðumanna. Hádegisverðarfundur var haldinn á Icelandair hótél Reykjavík Natura 11. desember sl. og þar las Ragnar Jónasson rithöfundur upp úr nýjustu bók sinni, Hvíti dauði. Á fundinum fór Margrét Hauksdóttir, formaður FFR, jafnframt yfir minnisblað Advel um mögulega málshöfðun í kjölfar niðurlagningar kjararáðs.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana stóð að morgunverðarfundi með Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands þar sem umfjöllunarefnið var hvernig opinberar stofnanir geti tengt stefnumótun og áætlunargerð hjá sér við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Það hefur verið eitt af yfirlýstum verkefnum fráfarandi stjórnar að efla og auka kynni og samskipti milli félagsmanna. Sem lið í því hafði stjórnin milligöngu um að þjóðminjavörður og forstöðumaður Listasafns Íslands buðu forstöðumönnum í heimsókn þar sem félagsmenn þáðu léttar veitingar og fengu kynningu á helstu verkefnum gestgjafanna. Stjórn FFR færir þessum forstöðumönnum kærar þakkir fyrir heimboðin og standa vonir til að þau verði fleiri á næstu árum.

#### 4. Heimasíða FFR

FFR rekur heimasíðu, [www.ffr.is](http://www.ffr.is), þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins en þar er jafnframt að finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Stjórn FFR ákvað á síðasta starfsári að endurgera vefsíðu félagsins og leitar nú hagstæðra tilboða. Fyrirhugað er að almennar upplýsingar um félagið og starfsemi þess verði aðgengilegar öllum en svo verði félagsmenn að auðkenna sig til að geta lesið t.d. fundargerðir og skoðað og hlustað á upptökur af félagsfundum FFR.

#### 5. Lokaorð

Í starfi stjórnar FFR bar sem fyrr hæst vinna við grunnmat starfa og nýtt launakerfi og launahækkningar forstöðumanna. Maður er manns gaman og hefur fráfarandi stjórn lagt mikla áherslu á að efla kynni meðal félagsmanna, t.d. með því að bjóða upp á fjölmiðlanámskeið og hafa milligöngu um heimboð.

Fjárhagur félagsins hefur aldrei verið betri, félagið á um 18 m.kr. í sjóði, en verkefnin eru ærin og full þörf á þessu fjármagni til framtíðarverkefna.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru skipaðar hópi forstöðumanna sem allir eru tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
Margrét Hauksdóttir, formaður FFR*